

Nd. 337. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Helgi Bergs, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við vatnsgeyma, dælur, jarðboranir, stofnæðar og aðaldreifiaðar. Styrkurinn nemi þó aldrei meira en helmingi alls kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 93 5. júní 1947 er kveðið á um efnahagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitum. Enn fremur eiga ákvæði laganna við um vatnsveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt vatnalögunum frá 1923. Styrkururinn, sem heimilt er að veita úr ríkissjóði, má nema allt að helmingi kostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir.

Löggjöf þessi hefur um margt reynzt hin nýtasta og gert ýmsum sveitarfélögum fært að stofna til vatnsveitugerðar, sem að öðrum kosti hefði reynzt erfitt eða ókleift.

Einn er þó sá hængur á lögunum, sem þörf sýnist að ráða bót á. Komið hefur í ljós, að styrkurinn úr ríkissjóði getur orðið æði takmarkaður, þegar sérstaklega háttar, og langt fram yfir það, sem ætla má, að löggjafinn hafi hugsað sér. Það er í því tilfelli, þegar svokölluð stofnæð er aðeins lítil hluti alls vatnsveitukerfisins. Þá koma hins vegar aðaldreifiaðar snemma til og verða höfuðhluti dreifilínukerfisins. Miðast styrkurinn þá einungis við stofnæðina sjálfa, sem skilgreind er af hálfu þeirra, sem styrkjum úthluta, sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbólum eða upptökum vatns að fyrstu greiningu. Við þessa skilgreiningu er styrkurinn bundinn. Skal út af fyrir sig eigi dregið í efa, að þessi túlkun sé rétt. En auðsætt er hins vegar, að hátti svo sem greint hefur verið, er nauðsynlegt, að styrkurinn nái einnig til aðaldreifilínukerfisins, ef gagn á að vera að. Slík aðstaða getur komið til, og þess eru dæmi bæði í kaптúnnum, þorpum og ekki hvað sít í sveitum, þar sem strjálbýlt er og dreifingarkerfið er víðáttumikið. Við þessar aðstæður getur framkvæmd vatnsveitugerðar stöðvazt eða orðið ónóg, nema riflegur styrkur komi til. En þá skortir heimild í lögunum til nauðsynlegrar aðstoðar, en þörf hennar hvað brýnust.

Til þess að færa út heimildir til styrkja við vatnsveitugerð í þessum tilfellum höfum við flm. leyft okkur, með skirskotun til þess, er áður greinir, að flytja tilöggu um þá breytingu á löggjöfinni um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93 1947, að styrkur úr ríkissjóði skuli einnig ná til aðaldreifiaða.

Hér er að dómi okkar flm. um eðlilega lagfæringu að ræða og málið engan veginn þess eðlis, að ágreiningi geti valdið í aðalatriðum.